

Kópavogur, 22. febrúar 2010

## Varðar frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál

Deloitte hf. vill koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi frumvarpið til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál.

### 2. mgr. 6. grein

„Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Hann skal hafa lokið háskólaprófi sem nýttist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um greiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Áður en forstöðumaður tekur formlega til starfa skal tilkynna ráðningu hans til Fjármálaeftirlitsins sem metur hæfi viðkomandi og gerir stjórn fjármálafyrirtækis grein fyrir niðurstöðum sínum.“

### Athugasemdir:

Deloitte gerir athugasemdir við 2. mgr. 6. greinar frumvarpsins sem fjallar um þær menntunarkröfur sem gerðar eru til forstöðumanns innri endurskoðunar. Að mati Deloitte ber að gera tilteknar kröfur til menntunar forstöðumannsins. Eðlilegt er að krefjast þess að forstöðumaður innri endurskoðunar hafi sérþekkingu á sviði endurskoðunar og innra eftirlits. Deloitte telur nauðsynlegt að forstöðumaður innri endurskoðunar hafi annað hvort lokið alþjóðlegum prófum í innri endurskoðun á vegum alþjóðasamtaka innri endurskoðanda (e. The Institute of Internal Auditors; IIA) og sé þannig faggiltur sem innri endurskoðandi (e. Certified Internal Auditor; CIA) eða löggiltur sem endurskoðandi í samræmi við lög nr. 79/2008. Báðar starfsstéttirnar lúta sérstökum siðareglum sem settar hafa verið að fagfélögum þeirra og þeim ber að fara eftir í sínu starfi. Báðar fagstéttir sinna könnunum á innra eftirliti í samræmi við alþjóðastaðla um innri eða ytri endurskoðun og hafa staðist próf til faggildingar eða löggildingar sem gera kröfu um sérfræðiþekkingu á endurskoðun og innra eftirliti. Gera verður ráð fyrir að forstöðumaður endurskoðunardeildar fyrirtækis sem fer með innri endurskoðun í umboði stjórnar fjármálafyrirtækis muni sinna innri endurskoðun í samræmi við alþjóðlega staðla IIA um innri endurskoðun (e. The International Professional Practices Framework (IPPF)) og þurfi því að hafa haldgóða þekkingu á þeim.

### 13. grein

*„Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 1. másl. séu fyrir hendi og getur sett fjármálafyrirtæki tímafrest eða önnur skilyrði til að ljúka við fjárhagshagslega endurskipulagningu.“*

#### Athugasemdir:

Í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2004 er fjallað um þessa grein og m.a. kemur fram viðkomandi fjármálafyrirtæki meti hvort starfssemin feli í sér hættu á hagsmunaárekstrum, m.a. vegna þagnarskyldu í lögum, vandkvæði við áhættustýringu sem leiði til að það dragi úr áhættusýn fjármálafyrirtækis og auka yfirsýn á áhættustýringu eða torveldi eftirlit FME með viðkomandi fjármálafyrirtæki. Auk þess er einnig fjallað um hvort þessi þátttaka krefjist þekkingar og reynslu sem er óskyld þekkingu og reynslu af fjármálastarfssemi.

Í tilmælunum kemur jafnframt fram að gera skuli áætlun um verkefni m.a. er varðar markmið þess, tímalengd og lok þess (útgöngu fjármálafyrirtækisins).

Eins og breytingin er sett fram í frumvarpinu er ekki að sjá að um neina efnislega breytingu sé að ræða á lögnum miðað við núgildandi ákvæði utan þess að FME fær heimild til að setja skilyrði um fyrrgreind atriði. Ef löggjafinn ætlar að ná fram þeim þáttum er FME leggur áherslu á í fyrrgreindum leiðbeinandi tilmælum væri betra að setja í lögina skyldu á fjármálafyrirtæki til að leggja fram áætlun um verkefni þar sem m.a. koma fram markmið með verkefninu, áætluð tímalengd þess og áætluð útganga (þ.e.a.s. hvort selja eigi, setja á markað) ásamt því að í áætluninni komi jafnframt fram hvernig farið sé með væntanlega hagsmunaárekstra, þeir skilgreindir, áhrif á áhættustýringu séu skilgreind og spurningum svarað um þekkingu og reynslu af samsvarandi rekstri eða endurskipulagningu.

### 43. grein

*„Við 2. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að kjósa sama endurskoðunarfyrtæki oftár en fimm ár í röð.“*

#### Athugasemdir:

Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði heimilt að sama endurskoðunarfyrtæki sjái um endurskoðun fjármálafyrirtækis lengur en fimm ár. Tilgangur ákvæðisins er tvíþættur. Í fyrsta lagi er verið að reyna að sporna við því að endurskoðendur verði um **of fjárhagslega háðir** einu fyrirtæki og í öðru lagi að sú víska sem þeir standa frammi fyrir að samkeppnisaðilar geta skoðað verk þeirra að ráðningartíma liðnum muni leiða til vandaðri vinnubragða

Gerðar eru athugasemdir við þessa grein þar sem hún er ekki í samræmi við lög nr 79/2008 um endurskoðendur og gengur raunar lengra en ofangreind sérlög að því marki að hámarkstími sem endurskoðandi getur sinnt endurskoðun fyrir fjármálafyrirtæki er styttri auk þess sem gert er ráð fyrir að skipt verði um endurskoðunarfélag en ekki endurskoðanda eins og kveðið er á um í lögum um endurskoðendur. Ekki er heldur kveðið á um í hve langan tíma endurskoðunarfélag

megi ekki sinna endurskoðun fyrir félög sem þau hafa endurskoðað í fimm ár. Greinin er að því leyti ófullkornari en ákvæði laga um endurskoðendur.

Í lögum um endurskoðendur sem samþykkt voru á Alþingi 12. júní 2008 er í 20. grein fjallað um starfstíma endurskoðenda. Þar segir meðal annars.

„Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en **sjö árum** eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.“

Lög um endurskoðendur voru sett í því augnamiði að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, svonefnda 8. félagatilskipun ráðsins, í samræmi við ákvæði EES samningsins. Í umsögn með lagafrumvarpinu segir að Evrópusambandið hafi síðan 1996 markvisst unnað að samræmingu reglna um reikningsskil og endurskoðendur og að með tilskipuninni sé stefnt að mikilli, en þó ekki fullkominni, samræmingu krafna um lögboðna endurskoðun. Jafnframt er leitast við að skýra skyldur endurskoðenda, reyna eftir fremsta megni að tryggja óhæði þeirra auk þess að tilskipunin gerir ráð fyrir að öll endurskoðun fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Sú lagagrein sem hér er til umræðu er rökstudd með tvennu. Annars vegar því að endurskoðendur verði ekki um of fjárhagslega háðir einu fyrirtæki og hins vegar að ótti um gagnrýni samkeppnisaðila bæti vinnubrögð endurskoðenda.

Í VI kafla laga um endurskoðendur er sérstaklega fjallað um óhæði endurskoðenda enda er það einn mikilvægasti þáttur í störfum endurskoðenda. Í 8. félagatilskipuninni er lögð mikil áhersla á óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis gagnvart viðskiptavini sínum og er ákvæðum kaflans ætlað að tryggja óhæði með sem bestum hætti. Í 9. grein laga um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendum sé skylt að rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt. Jafnframt segir í 8. grein að endurskoðandi skuli fylgja siðareglum sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda. Þær siðareglur eru að finna á heimasíðu Félags löggiltra endurskoðenda og telja 120 blaðsíður.

Í siðareglum endurskoðenda eru mjög ítarleg ákvæði um óhæði endurskoðenda sem hafa það að markmiði að tryggja að endurskoðandi sé ekki háður viðskiptavini sínum hvorki í ásýnd né reynd. Þessum reglum er ætlað að tryggja það nauðsynlega trúnaðarsamband sem þarf að vera á milli endurskoðenda og þeirra sem reiða sig á störf þeirra. Það að endurskoðendur sinna störfum sem varða hagsmuni almennings felur í sér að allur almenningur og stofnanir reiða sig á að störf þeirra séu unnin af kostgæfni.

Í 19. grein laga um endurskoðendur er sérstaklega fjallað um það atriði sem hér er á bent sem rökstuðningur fyrir lagabreytingunni:


„Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal **eigi framkvæma endurskoðun** ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni“

Í lögum um endurskoðendur er sem sagt með mjög beinum hætti greint frá að endurskoðandi skuli ekki framkvæma endurskoðun ef bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eru á milli hans og viðskiptavinar. Jafnframt eru í siðareglum endurskoðenda ítarleg fyrirmæli um hvernig standa beri að mati á slíkum tengslum.

Eins og áður hefur verið greint frá er í 20. grein laga um endurskoðendur fjallað um takmörkun á starfstíma endurskoðenda gagnvart einingu tengdri almannahagsmunum. Skal endurskoðandi þá hverfa frá endurskoðun í tvö ár að lágmarki hafi hann sinnt verkinu í sjö ár samfellt. Endurskoðanda innan sama endurskoðunarfyrirtækis er heimilt að taka við hlutverki þess endurskoðanda sem hverfur frá verkinu. Þetta ákvæði er í samræmi 2. tölul. 42. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Að okkar mati er engin nauðsyn til að taka endurskoðun fjármálafyrirtækja öðrum tókum en kveðið er á um í sérlögum um endurskoðendur varðandi einingar tengdum almannahagsmunum. Ekki verður heldur séð að rökstuðningur við breytinguna bæti einhverju við þá umfjöllun sem fylgir með lögum um endurskoðendur og voru sett um mitt ár 2008. Síðan þá hafa enn fremur verið settar mjög ítarlegar siðareglur fyrir endurskoðunarstéttina sem miða að því að setja störf endurskoðenda í samhengi við alþjóðlega staðla og reglur. Allt lagaumhverfi endurskoðenda hefur því verið endurmetið frá miðju ári 2008 í samræmi við 8. félagaskipunina og alþjóðlega staðla um endurskoðun og gæðaeftirlit. Það endurmat er að okkar mati mjög stórt skref til bóta auk þess sem það fylgir því sjónarmiði að umhverfi íslenskra fyrirtækja eigi í öllum grundvallar atriðum að vera í samræmi við það sem gerist á Evrópska Efnahagssvæðinu. Að auki er það okkar mat að best fari á því að störfum endurskoðenda séu settar skorður í lögum um endurskoðendur og önnur lög taki mið af því sem þar stendur.

Virðingarfyllst,  
f.h. Deloitte hf.

  
Þorvarður Gunnarsson  
forstjóri